



Aðalfundur golfklúbbs Dalbúa

Haldinn 30. nóvember 2016.

Fundargerð

Fundur haldinn í fundarsal Grafia Stórhöfða 31 settur kl. 17.15.

Mætt: Páll Þ. Ólafsson, Hafsteinn Daníelsson, Ómar Þórðarson, Sæmundur Árnason, Eiríkur Þorláksson, Bryndís Scheving og Halldór Snæland

Páll Þ. Ólafsson formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið til dagskrár skv. 16. grein laga félagsins.

Formaður stakk upp á Sæmundi Árnasyni sem fundarstjóra. Samþykkt samhljóða. Formaður stakk upp á Halldóri Snæland sem fundarritara. Samþykkt samhljóða.

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári:

Páll Þ. Ólafsson formaður flutti skýrslu stjórnar sem lögð var fram á fundinum (sjá meðfylgjandi ársskýrslu). Í skýrslunni er að finna inngang formanns og yfirlit yfir starfsemina á árinu og jafnframt skýrslur nefnda, þ.e. Mótanefndar (ásamt yfirliti yfir mót og úrslit þeirra), Vallarnefndar, Húsnefndar auk ítarlegrar skýrslu rekstaraðila vallarins.

2. – 3. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins, og umræður um hann og skýrslu stjórnar og reikningar bornir upp til samþykktar.

Gjaldkeri fór yfir ársreikninginn sem lagður var fram á fundinum (sjá meðfylgjandi ársreikning 21/10 2015 - 20/10 2016).

Rekstrartekjur ársins voru kr. 4.377.522.- en rekstrargjöld kr. 5.297.364.- og tap á rekstri kr. 919.842.- Eigið fé rýnaði um samsvarandi upphæð og er kr.12.180.707.- en skammtímaskuldir eru kr. 0.- Félagið á í lok reikningsárs kr. 412.559.- á bankareikningi. Líkt og á undanförunum árum voru tekjur klúbbsins að mestu notaðar til framkvæmda við völlinn á liðnu sumri og eiginfjárstaðan hækkuð um sem nemur virði þeirra framkvæmda.

Ljóst er að á liðnu ári var rekstur klúbbsins í járnnum og naut hann þess enn og aftur að eiga sterka og tryggja bakhjarla.

Miklar umræður spunnust um hvernig hægt væri að auka tekjur klúbbsins og hverjar væru orsakir fækkunar á félagsmönnum. Á árinu gengu 11 félagsmenn úr klúbbum en nú er félagatalan 76. Þetta er slæm þróun því þegar best lét voru félagsmenn 150 talsins. Lítil nýliðun skýrir hækkandi meðalaldur félagsmanna. Svo virðist sem yngra fólk velji sér önnur áhugamál en golfiðkun t.d. hjólreiðar og hlaup sem virðast vera í miklum uppgangi nú um stundir. Margir sem hafa verið félagar í fleiri en einum klúbbi virðast hafa tekið ákvörðun um að spara við sig í félagsgjöldum og tekið ákvörðun um að vera aðeins í einum klúbbi.

Heimsóknir á völlinn sumarið 2016 voru 3.022 í stað 2.906 sumarið 2016. Það er auðvitað gleðileg þróun því mikil fækkun heimsókna á undanförunum árum hefur verið áhyggjuefni.

Ýmsar leiðir voru ræddar til tekjuöflunar fyrir klúbbinn t.d. :

- Dreyfing á kynningarbæklingum í sumarhús í nágrenni við völlinn með tilboðum. Þetta hafði verið reynt áður með góðum árangri.
- Dreyfa kynningarbæklingum í Kringlunni með tilboðum. Þetta hefur verið gert áður og fengum við margar heimsóknir í kjölfarið.
- Leitast við að virkja félagsmenn betur til starfa fyrir klúbbinn bæði til vinnu á svæðinu og til að safna auglýsingum og dreyfa bæklingum um sitt nágrenni
- Gera facebooksíðu virkari til kynninga á klúbbum
- Auka kynningu á klúbbum meðal íbúa á Laugarvatni
- Bæta beina nettengingu inn á heimasíðu Grafía, RSÍ og VM til að kynna klúbbinn fyrir félagsmönnum og veita þeim góðann afslátt af félagsgjöldum til að kynna völlinn fyrir þeim
- Endurvakin hugmynd um að fjölga teigum í 18
- Breyta teigmerkingum úr gulum, rauðum í fjarlægðarmerkingar
- Skipuleggja framkvæmdir og viðburði vegna 30 ára afmæli klúbbsins 2019

Erfitt verkefni stendur fyrir dyrum hjá Dalbúa. Þau Guðmundur H. Sigmundsson og Ragnildur Bender sem séð hafa um rekstur vallarins og skálans í 9 ár af miklum dugnaði og sóma, sáu sig tilneydd að segja upp samningi sínum við Dalbúa ári fyrr en ráð var fyrir gert, eða frá og með 30. september 2016. Þetta þýðir að finna þarf nýjan rekstraraðila til að taka við. Þau eiga flestar vélar og tæki sem þarf til viðhalds og reksturs á vellinum sem þarf að kaupa af þeim til þess að viðhald vallarins verði eins gott og mögulegt er. Brýnasta verkefni nýs formanns og stjórnar verður því að finna nýjan rekstraraðila og tryggja fjármögnun á véla og tækjakaupum. Formaður hefur þegar hafið viðræður við okkar tryggu styrktaraðila þ.e. Grafía, RSÍ og VM um hugsanlegar lausnir á þessum vandamálum .

Klúbburinn hefur nú eignast golfskálann að fullu og gæti hann mögulega orðið einhvers konar gjaldmiðill við kaupin á vélunum.

Í sumar voru teknar myndir af golfvellinum með Dróna, þar sem allar brautir voru myndaðar úr lofti. Lýstu fundarmenn mikilli ánægju með þetta framtak þar sem þetta gæti gagnast vel í kynnu-ingu á vellinum á heimasíðu okkar.

27. ágúst 2016 var fyrsta kvennamót Dalbúa haldið og kvennahittingur var á þriðjudögum og mæltist það mjög vel fyrir.

Ársreikningur ársins 2016 borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

4. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.

Engar tillögur bárust.

5. Tillögur sem borist hafa teknar til umræðu og afgreiðslu.

Engar tillögur bárust.

6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár.

Engar breytingar á árgjaldi og öðrum gjöldum ákveðnar, en formaður fer fram á stjórn fái leyfi fundarmanna til hækkunar á gjöldum að hámarki 5%.

Félagsgjöld og önnur gjöld hafa verið óbreytt í 3 ár og skal fyrirhuguð hækkun miðast við einhverja heppilega opinbera vísitölu.

Tillaga formanns samþykkt um hækkun gjalda að hámarki 5%.

7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn sbr. 10. gr.

Fundarstjóri bar upp fram komnar tillögur og voru þær samþykktar samhljóða.

Í stjórn voru kjörnir:

Formaður : Páll Þ. Ólafsson

Varamaður : Hafsteinn Daníelsson

Í stjórn til 2ja ára :

Eiríkur Þorláksson gjalkeri

Halldór Snæland ritari

Bryndís Scheving meðstjórnandi

Ragnhildur Bender meðstjórnandi

Ásbjörn Sveinbjörnsson meðstjórnandi

Varamenn í stjórn

Hörður Bergsteinsson varamaður

Sveinn Kjartansson varamaður

8. Kosning 2gja skoðunarmanna og eins til vara.

Aðalskoðunarmaður: Jón Þ. Hilmarsson

Til vara: Guðmundur Rafnar

9. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs til samþykktar.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 var ekki lögð fram, þar sem eftir á að semja um kaup á vélum og búnaði af fyrrverandi rekstaraðilum og ráða og semja við nýjan rekstaraðila.

Mikið hefur verið framkvæmt á undanförunum árum og sér nú fyrir endann stærri framkvæmdum svo sem tjarnargerð með gosbrunni, brúarsmíði, gerð nýrra teiga ásamt

lengingu á brautum og nýjum flötum, gróðursetningu á fjölda trjáa og snyrtingu á umhverfi golfvallarins. Ýmsum verkefnum er þó ólokið svo sem endanlegri snyrtingu, merkingum og frágangi teiga sem kostar aðallega vinnu en lítið fé.

Fundarmenn voru sammála um að nauðsynlegt væri að auka tekjur klúbbsins t.d. með því að sækja um alla hugsanlega styrki hjá opinberum aðilum og með kostun á framkvæmdum.

Fundarmenn samþykktu frestun á kynningu fjárhagsáætlunar þar til sæi fyrir endann á samningum við rekstaraðila.

10. Önnur mál.

Framfarabíkar Dalbúa annað árið í röð hlaut Jón Gunnarsson 15 ára sem er nú með lægstu forgjöf félagsmanna 5,2 sem er glæsilegur árangur og var honum óskað til hamingju með það.

Lagt var til að stofnaður yrði hópur til að setja saman hugmyndir um framtíðarskipulag vallarins.

Af félögum Dalbúa eru :

47% eru með alls enga eða meira en 30 í forgjöf

87% eru með 20 eða meira í forgjöf.

Á að gera völlinn auðveldari frekar en erfiðari?

Eiga að vera 2 sett af teigum á hverri braut til að hægt sé að spila 18 ólíkar holur á vellinum?

Hægt væri að gera 3-4 ára plan til góðra breytinga. Á að breyta vellinum í fjölskylduvænan völl sem skilaði fólki ánægðu af vellinum?

Fundarmenn tóku jákvætt í tillögurnar og töldu þær vera þess virði að þær væru skoðaðar nánar.

Endurkjörinn formaður Páll Þ. Ólafsson þakkaði fundarmönnum góðan fund og vonaðist til þess að sjá sem flesta félagsmenn í leik og starfi fyrir klúbbinn í framtíðinni.

Fundi slitið kl. 18.45

Fundargerð ritaði Halldór Þ. Snæland.